

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 231/2024

2025/EES/9/03

frá 25. október 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af reglugerð (ESB) 2023/1783 að því er varðar umbreytingarákvæði um gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 varðandi tiltekin virk efni ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við 219. undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1783) við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1595:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við 216. undirlið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1783) við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32024 R 1595:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1595 frá 5. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2024/1595, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1595, 6.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1228/oj

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.